

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hlíf Sigurjónsdóttir  
fiðluleikari

David Tutt  
píanóleikari

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum

Þriðjudaginn 19. júlí 1994 kl. 20:30

*Efnisskrá*

**Hlíf Sigurjónsdóttir** lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Björns Ólafssonar konsertmeistara. Hún stundaði framhaldsnám við háskólann í Indiana í Bandaríkjunum, við háskólann í Toronto og Listaháskólann í Banff í Kanada. Hlíf starfaði síðan í kammerhljómsveitum í Þýskalandi og Sviss uns hún snéri heim til Íslands. Hlíf hefur kennt við Tónlistarskólann á Ísafirði og við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar auk þess sem hún hefur tekið þátt í margs konar tónlistarflutningi og haldið sjálfstæða tónleika.

**David Tutt** er fæddur í Kanada. Hann stundaði píanónám í heimalandi sínu og við háskólann í Indiana í Bandaríkjunum. David hefur komið víða fram sem einleikari hérlendis og beggja vegna Atlantshafsins, meðal annars með sinfóníuhljómsveit ungerska útvarpsins í Búdapest og sinfóníuhljómsveitum í Calgary, Edmonton og Toronto. David kennir nú við Alberta College Conservatory of Music í Edmonton, Kanada.

Samstarf Hlífar og David hófst í Listaháskólanum í Banff, þar sem þau dvöldust bæði sem styrkþegar á árunum 1979-81. Þau hafa haldið fjölda tónleika og léku síðast saman á Íslandi sumarið 1991.

Sergei Prokofieff  
(1891 - 1953)

Sónata nr. 2 í D-dúr op. 94  
moderato  
scherzo - presto  
andante  
allegro con brio

Richard Strauss  
(1864 - 1949)

Sónata í Es-dúr op. 18  
allegro, ma non troppo  
*Improvisation* andante cantabile  
*Finale* andante - allegro